

Nd.

243. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 27. júní 1941, um varnir gegn útbreiðslu nokkurra næmra sauðfjársjúkdóma og stuðning til bænda, er biða tjón af þeim.

Frá minni hluta landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefnd hefur rætt frumvarpið og eigi getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hluti nefndarinnar er andvígur frumvarpinu, en skoðanirnar hjá einstökum nefndarmönnum virðast þó nokkuð skiptar um afstöðu til málsins. Minni hlutinn vill láta samþykkja frumvarpið, en gæti eftir ástæðum fallizt á nokkrar breytingar á því, sem ekki draga þó úr því, að aðaltilgangurinn með frumvarpinu náist.

Málið hefur verið rætt og athugað eftir beiðni nefndarinnar í sauðfjársjúkdómanefnd og á búnaðarþingi. Leggur nefndin einróma gegn frumvarpinu, en búnaðarþing var verulega skipt í afstöðu sinni til þess, þótt meiri hlutinn yrði á móti að lokum. Ég tel þessa afstöðu ekki mjög óeðlilega eins og á stendur, en furða mig nokkuð meira á, að meiri hluti minna samstarfsmanna í landbúnaðarnefnd byggir svo mikið á þessum umsögnum sem fyrir liggur. Svo sem kunnugt er, hefur sauðfjársjúkdómanefnd starfað nokkur ár. Hún hefur sett sér mjög flóknar reglur um úthlutun styrkja vegna mæðiveiki og lagt í það mikla vinnu. Það er því ekki svo undarlegt, þó henni fali illa, að farið er fram á að kasta öllum þessum reglum með einni lagabreytingu og færa framkvæmd þessara mála í nýtt og einfalt horf. Nefndin virðist skoða slíkt sem árás á starf sitt og stefnu. Sá var þó eigi tilgangur flutningsmanna, heldur hitt, að kema þessari starfsemi í hagnýtara og réttlátara horf. Á búnaðarþingi starfa svo sumir sömu menn og einnig þeir starfsmenn, sem mest hafa fengizt við framkvæmd þessara mála. Þar berjast þeir gegn því, að þessi breyting fái meðmæli, með þeim árangri, að þeir menn lenda í minni hluta, sem litu á nauðsyn þessarar breytingar sömu augum eins og flutningsmenn. Þessi aðstaða er að vissu leyti eðlileg og er sýnishorn af því, hve oft er örðugt að breyta flókinni framkvæmd í einfaldara og eðlilegra horf.

Mér þykir rétt að minnst hér aðeins á þau aðalatriði, sem sauðfjársjúkdómanefnd færir gegn þessari breytingu, og er það vegna þess, að meiri hluti landbúnaðar- nefndar byggir aðallega á því áliti. Þessi atriði eru:

1. Niðurfelling framlags til vegagerða vegna fjárpestanna.
2. Að ekki fylgir kostnaðaráætlun, er sýni útgjöld ríkisins af þessari breytingu.
3. Að hætt sé við, að þetta fyrirkomulag yrði misnotað, þar sem fénu mundi fjölga of fljótt og menn færu þá að drepa veturgamlar ær o. s. frv. til að fá styrkinn.
4. Að samkvæmt frumvarpinu yrði ekkert tillit tekið til breytilegrar búskapar- aðstöðu.
5. Að þeir bændur fengju of mikið fé, sem flest fé áttu áður og geta fjölgað því nægilega aftur.

Um þessi atriði hef ég í stuttu máli þetta að segja:

1. Að fella niður heimild til vegabótaframlags tæl ég ekki miklu skipta. Sú ráð- stöfun í sambandi við bætur fyrir tjón af mæðiveiki hefur alltaf verið vafasöm. Framlög til vegabóta eiga að koma eftir venjulegum leiðum, og hefur enda nokk- uð verið tekið tillit til hinnar breyttu aðstöðu við þau fjárframlög, í það minnsta á meðan atvinna var af skornum skammti. Annars er í þessu efni eigi um svo mikið fjárframlag að ræða, að það skipti miklu máli.
2. Kostnaðaráætlanir hafa ekki að undanförunu fylgt þeim tillögum, sem gerðar hafa verið um framkvæmd þessara mála, hvorki frá mæðiveikinefnd eða öðrum, nema þau drög til áætlana, sem árlega hafa af nefndinni verið gerð í sambandi við af- greiðslu fjárlaga. Mér er ljóst, að breytingin mundi hafa nokkur aukin útgjöld í för með sér, enda yrði gagnið litið ella fyrir þá mörgu framleiðendur, sem hafa verið og eru í vanda staddir vegna þeirrar plágu, sem hér um ræðir. En ég gat þess við 1. umræðu málsins og vil endurtaka það hér, að samkvæmt síðustu út- hlutun uppeldisframlaga og þeim skýrslum, sem hún er byggð á, þá var veitt á um 75% þeirra lamba, sem á voru sett haustið 1940 á aðalmæðiveikisvæðinu: Borgarfjarðarsýslu, Mýrasýslu, Vestur-Húnavatnssýslu og Austur-Húnavatns- sýslu vestan Blöndu. Þetta ár gengu 25% lambanna frá, og ég er viss um, að það var víða ekki réttlátt, hvað sem öllum reglum líður. Fjölda dæma væri hægt að nefna því til sönnunar. Nú er það að vísu víst, að þetta dæmi um úthlutun yrði ekki eins í framkvæmdinni framvegis, því að framlagið mundi vaxa, ef ekki eru því meiri vandræði fyrir höndum um okkar sauðfjárrækt. Því aðeins væri líka gagn að breytingunni, að hún yrði til að örva menn á fjárpestarsvæðunum til að eiga fé og reyna til hins ýtrasta að fjölga því.
3. Sá ótti, sem fram kemur í áliti sauðfjársjúkdómanefndar við, að fénu fjölgi of fljótt, ef þessi regla yrði upp tekin, og því mundu menn fara að misnota aðstöð- ina, er mér undrunarefni. Að vísu er ekki hægt að girða fyrir einhverja misnotk- un hjá einstaka manni, en ég tel af því enga hættu stafa. Ég tel lífsskilyrði að reyna að viðhalda fénu og fjölga því, og ríkisvaldið hefur skyldu til að stuðla að því, að svo megi verða. Ella er voði fyrir dyrum í þeim héruðum, sem hlut eiga að máli. Að fénu mundi af þessu fjölga of fljótt, svo menn færu að drepa niður veturgamlar lambgimbrar, er því miður ekki líklegt. Ég segi því miður, af því að þá væri plágan eigi eins alvarleg eins og reynslan sýnir, og mig undrar að sjá þviliku haldið fram. Til dæmis um það, hvernig ástandið að þessu leyti er í því héraði, sem ég þekki best, Austur-Húnavatnssýslu, vil ég geta þess, að sam- kvæmt skýrslu, sem ég hef fengið frá öðrum sýslufulltrúanum, herra Jóni S. Pálmasyni, sýslunefndarmanni á Þingeyrum, þá hefur tjónið í héraðinu á árinu 1941 verið sem hér segir: Í 8 hreppum sýslunnar hafa farizt á árinu af mæðiveiki hjá 294 framteljendum 4939 kindur fullorðnar og 258 veturgamlar. Áætlað tjón þessara manna á árinu er kr. 418920.00. Auk þessa eru kaптúnahrepparnir tveir, og þar hafa farizt 278 kindur. Samtals hafa því farizt í þessari litlu sýslu á árinu 5475 kindur, og þetta er 5. árið, sem veikin er í héraðinu. Þegar þess er gætt, að ástandið að þessu leyti mun vera sízt betra annars staðar á svæðinu, þá er aug-

ljóst, hve gifurlegir örðugleikar eru á því að viðhalda fjárstofninum, hvað þá heldur að fjölga aftur til að ná hinnu upphaflegu búastærð. Að hætt sé við, að menn færu að drepa heilbrigðar, veturgamlar gimbrar, þó að þeir fengju uppeldisverðlaun fyrir ásettar lambgimbrar, er því hugmyndasmíð, sem er nokkuð fjarlæg veruleikanum. Menn geta skemmt sér við að koma með því lík mót-mæli, en þeir fjáreigendur, sem þekkja mæðiveikina, taka þau naumast alvarlega.

4. Að samkvæmt frumvarpinu yrði ekkert tillit tekið til breytilegrar búskapar-aðstöðu, er réttmæt athugasemd, og mun ég flytja breytingartillögu um það efni fyrir 3. umr., ef frumvarpið heldur áfram. Það er náttúrliga sanngjarnt, svo ákveðið dæmi sé nefnt, að bóndi, sem hefur góða aðstöðu til mjólkursölu, fái minni aðstoð en annar, sem hefur ekki tækifæri til að auka tekjur sínar á þann hátt, enda mun nefndin eiga við það.
5. Að þeir bændur fengju óþarflega mikið fé samkvæmt frumvarpinu, sem flest fé áttu áður en fjárpestin kom, er álitamál. Er mér ekkert kappsmál um þau ákvæði, sem takmarka framlögin að ofan. Gæti ég vel hugsað mér að setja hámarkið nokkru neðar, ef það gæti orðið til samkomulags.

Aðalatriðið í málinu er það, að ekki sé verið að klipa af þessari aðstoð hjá ungum mönnum, sem eru fáanlegir til að leggja inn á búskaparbrautina á þessum svæðum og eru að byrja að eignast fé, og ekki heldur hjá fátækum mönnum, sem hafa lægri tekjur en nokkrir aðrir menn í landinu. Mönnum, sem setja á þetta frá 5 og upp í 25 lömb, eins og flestir þessir menn gera, sem eiga innan við 100 kindur alls og eru í stöðugum vanda og hafa við stöðug vonbrigði að stríða út af því, að þeirra eina lífshjörg er í háska. Að vera að týna það sundur kind fyrir kind, hvað slíkir menn megi fá uppeldisframlag á mörg af sínum lömbum og það eftir mjög vafasömum reglum, er svo mikil þröngsýni, að ég tel ríkisvaldinu ekki samboðið, að þess háttar starfsaðferðir haldi áfram. Þess vegna var frumvarpið flutt og þess vegna legg ég til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 20. apríl 1942.

Jón Pálmason.